

Reglur um félagslega liðveislu hjá Félagsþjónustu Fljótsdalshéraðs

I. kafli Almennt um þjónustuna

1. gr. Skilgreining

Með félagslegri liðveislu er átt við persónulegan stuðning og aðstoð sem einkum miðar að því að rjúfa félagslega einangrun t.d. aðstoð til að njóta menningar og félagslífs, sbr. 24. gr. laga um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992 með síðari breytingum.

2. gr. Markmið

Markmið félagslegrar liðveislu er að rjúfa félagslega einangrun notandans og gera honum kleift að njóta menningar og félagslífs.

Við framkvæmd þjónustunnar skal þess gætt að hvetja notandann til sjálfsbjargar og virða sjálfsákvörðunarrétt hans.

3. gr. Markhópur og forsendur þjónustu

Félagsleg liðveisla er fyrir fatlaða einstaklinga sem þurfa persónulegan stuðning og aðstoð til að rjúfa félagslega einangrun.

Að öllu jöfnu skal ekki veitt félagsleg liðveisla skv. reglum þessum þar sem veitt er sólarhringsþjónusta.

Forsenda þess að geta sótt um félagslega liðveislu skv. reglum þessum er að umsækjandi eigi lögheimili í Borgarfjarðarhreppi, Djúpavogshreppi, Fljótsdalshéraði, Fljótsdalshreppi, Seyðisfjarðarkaupstað eða Vopnafjarðarhreppi. Að uppfylltum ofangreindum skilyrðum má veita félagslega liðveislu fötluðum börnum á aldrinum 6-17 ára og fullorðnum einstaklingum frá 18 ára aldri.

Þjónusta er háð fjárhagsáætlun hverju sinni. Hún er tímabundin og er tímafjöldi og lengd samningstíma háð mati hverju sinni.

II. kafli

Umsóknir, mat, umfang þjónustu og þjónustusamningar

4.gr.

Umsóknir

Sótt er um félagslega liðveislur á þar til gerðu eyðublaði sem skilað er til Félagsþjónustu Fljótsdalshéraðs. Í umsókninni þurfa að koma fram upplýsingar um umsækjanda, m.a. lögheimili, persónulegar aðstæður, á hvern hátt færniskerðing veldur félagslegri einangrun, hvaða þjónustu umsækjandi nýtur, hvert markmið umsækjanda er með þjónustunni og annað sem máli skiptir varðandi umsóknina. Mikilvægt er að allar umbeðnar upplýsingar komi fram á umsókn svo ekki komi til seinkunar á afgreiðslu hennar. Hægt er að óska eftir læknisvottorði eða greinargerð frá fagaðila þyki ástæða til.

Umsækjandi getur veitt öðrum skriflegt umboð til að sækja um fyrir sína hönd. Hafi umsækjandi ekki getu til að sjá um eigin umsókn er séð til þess að hann hafi/fái umboðsmann í umsóknarferlinu til að gæta hagsmuna hans.

5. gr.

Mat á þjónustubörf og ákvörðun um þjónustu

Starfsmaður Félagsþjónustu Fljótsdalshéraðs metur þjónustubörf og skal slíkt mat fara fram eins fljótt og auðið er eftir að umsókn berst. Við matið er tekið sérstakt tillit til sjónarmiða umsækjanda, færni hans til að sinna athöfnum daglegs lífs, félagslegrar stöðu og virkni og fjölskylduadstæðna. Niðurstöður eru settar saman í greinargerð sem er lögð fyrir fund matshóps sem í sitja verkefnastjórar og félagsmálastjóri. Á grundvelli þjónustumatsins tekur hópurinn ákvörðun um umfang og eðli þeirrar þjónustu sem veitt er. Komist matshópurinn ekki að sameiginlegri niðurstöðu um afgreiðslu máls eða ef um álitamál er að ræða sem reglur ná ekki yfir þá skal leggja málið fyrir félagsmálanefnd.

Félagsmálastjóra er alltaf heimilt að vísa ákvörðun til félagsmálanefndar til fullnaðarafgreiðslu, sérstaklega ef ætla má að aðili muni ekki vilja sæta niðurstöðu hans.

Félagsmálanefnd hefur eftirlit með ákvörðunum og kallar reglulega eftir skýringum og upplýsingum um ákvarðanir sem teknar eru á grundvelli þeirra.

Innan fjögurra vikna frá því að umsókn berst fær umsækjandi skriflegt svar þar sem fram kemur hvernig umsókn hans hefur verið afgreidd. Sé umsókn samþykkt er viðkomandi boðaður í viðtal. Við synjun þjónustu, að hluta eða öllu leyti, skal gæta leiðbeininga skv. 15. og 16. gr. reglna þessara.

6.gr.

Umfang þjónustu

Hámarkstímafjöldi á mánuði eru 15 tímar.

Heimilt er að veita undanþágur frá viðmiðum um hámarkstíma vegna sérstakra aðstæðna en slíkar undanþágur skulu bornar undir félagsmálastjóra áður en ákvörðun er tekin um afgreiðslu þeirra.

7. gr.

Þjónustusamningur

Þjónustusamningur er gerður um alla veitta félagslega liðveislu. Í þjónustusamningi kemur m.a. fram lengd samnings, tímafjöldi á mánuði og markmið sem stefnt er að með þjónustunni. Allir þjónustusamningar eru tímabundnir. Gildistími samnings getur verið allt að 12 mánuðir og í einstaka tilfellum getur verið um ótímabundna samninga að ræða.

Eftir að þjónustusamningur hefur verið undirritaður getur þjónustan hafist. Þjónustan fellur sjálfkrafa niður þegar samningi lýkur nema sótt hafi verið um á ný.

III. kafli

Nánari útfærsla á þjónustunni og framkvæmd hennar

8. gr.

Skipulag þjónustunnar

Félagsleg liðveisla er útfærð á tvo vegu:

1. Einstaklingsliðveisla – samstarf eins notanda og eins liðveitanda.
2. Liðveisla í hópi – tveir eða fleiri notendur í samstarfi við einn eða fleiri liðveitendur.

9. gr.

Útlagður kostnaður

Notandi og liðveitandi greiða hver fyrir sig þann kostnað sem fylgt getur liðveislunni, s.s. þátttökugjöld. Liðveitandi fær sinn kostnað endurgreiddan samkvæmt samkomlagi, gegn framvísun kvittana, að hámarki kr. 5.000 á mánuði. Sveigjanleiki er varðandi það að nýta fjármagn frá mánuði til mánaðar, þó ekki á milli ára.

10. gr.

Akstur

Hvatt er til þess að almenningsvagnar, ferðaþjónusta og einkabíll notanda sé nýttur eins og kostur er. Ef nauðsynlegt er að liðveitandi leggi til eigin bíl er slíkur akstur háður skriflegu samkomulagi milli notanda og liðveitanda. Gengið er frá samkomulagi á milli liðveitanda og félagsþjónustu um akstur um leið og þjónustusamningur er gerður. Að jafnaði er gert ráð fyrir 30 km akstri á mánuði með möguleika á sveigjanleika á milli mánaða.

Félagsleg liðveisla er notanda að kostnaðarlausu.

11. gr.

Starfsmenn

Félagsþjónusta Fljótsdalshéraðs og aðildarsveitarfélög félagsmálanefndar leitast við að ráða liðveitendur sem hafa til að bera hæfni, reynslu og þekkingu sem nýtist í starfinu. Samkvæmt 43. gr. laga um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992 er óheimilt að ráða í störf í þágu fatlaðs fólks þá sem hafa hlotið refsidóma vegna brota á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, með síðari breytingum.

Liðveitendum er óheimilt að þiggja gjafir, fríðindi eða önnur hlunnindi frá notendum eða aðstandendum þeirra. Starfsmönnum er óheimilt að geyma lykla að heimilum notenda eða aka bílum notenda nema um það sé samið í þjónustusamningi.

Liðveitendur eru, líkt og aðrir starfsmenn, bundnir þagnarskyldu og gildir sú skylda þó liðveitandi láti af störfum. Þá skulu starfsmenn fara eftir siðareglum félagsþjónustunnar.

Liðveitandi skal skila inn tíma- og akstursskýrslum mánaðarlega. Tíma- og akstursskýrslur skulu staðfestar af notanda, forráðamanni eða talsmanni. Liðveitendur skulu einnig skila yfirliti og kvittunum vegna útlagðs kostnaðar.

IV. kafli

Málsmeðferð

12. gr.

Könnun á aðstæðum

Aðstæður umsækjanda eru kannaðar svo fljótt sem unnt er eftir að umsókn hefur borist. Gagna og upplýsinga er aflað í samvinnu við umsækjanda. Við meðferð umsóknar og ákvarðanatöku skal hafa samvinnu og samráð við umsækjanda eftir því sem unnt er, að öðrum kosti persónulegum talsmanni eða umboðsmann hans ef við á.

13. gr.

Varðveisla gagna, trúnaður og aðgangur að gögnum

Málgögn er varða persónulega hagi einstaklinga skulu varðveitt með tryggilegum hætti. Hafi starfsmenn kynnst einkahögum umsækjenda eða annarra í starfi sínu er þeim óheimilt að fjalla um þau mál við óviðkomandi nema að fengnu skriflegu samþykki viðkomandi.

Um trúnað gildir að öðru leyti 2. mgr. 57. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, þar sem segir að starfsmenn sveitarfélaga séu bundnir þagnarskyldu um atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt eiga að fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirboðara eða eðli máls. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

Umsækjandi á rétt á að kynna sér upplýsingar úr skráðum gögnum sem varða mál hans að svo miklu leyti sem það stangast ekki á við trúnað gagnvart öðrum.

14. gr.

Heimildir til ákvarðana samkvæmt reglum þessum

Starfsólk Félagsþjónustu Fljótshéraðs annast framkvæmd félagslegrar liðveislu í umboði félagsmálanefndar og í samstarfi við aðildarsveitarfélögin. Félagsmálastjóri ber ábyrgð á afgreiðslu mála gagnvart nefndinni.

Ábendingum notenda varðandi þjónustuna skal beina til Félagsþjónustu Fljótshéraðs.

15. gr.

Niðurstaða og rökstuðningur synjunar

Sé umsókn um þjónustu hafnað skal umsækjandi fá skriflegt svar þar sem ákvörðun er rökstudd með skýrum hætti með vísan til viðeigandi ákvæða þessara reglna. Þar skal jafnframt kynntur réttur umsækjanda til frekari rökstuðnings og réttur til að áfrýja afgreiðslunni.

**16. gr.
Áfrýjun**

Telji umsækjandi á rétt sinn hallað skv. reglum þessum er honum heimilt að vísa ákvörðun Félagsþjónustu Fljótsdalshéraðs til félagsmálanefndar innan fjögurra vikna frá því honum berst vitneskja um ákvörðun. Félagsmálanefnd skal fjalla um umsókn og taka ákvörðun svo fljótt sem unnt er.

Umsækjandi getur skotið ákvörðun félagsmálanefndar til Úrskurðarnefndar velferðarmála . Skal það gert innan þriggja mánaða frá því að umsækjanda barst vitneskja um ákvörðun félagsmálanefndar.

**17. gr.
Gildistaka**

Reglur þessar taka gildi 23.maí 2011.

Samþykkt í félagsmálanefnd 23. maí 2011

Breytingar samþykktar í félagsmálanefnd 16. mars 2016

Samþykkt í bæjarráði 6. apríl 2016

Reglurnar taka gildi frá 1. apríl 2016